

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. júlí 2022

Mál nr. E-4920/2021:

Protabú Verkleigunnar ehf.

(Lilja Jónasdóttir lögmaður)

gegn

Brimborg ehf.

(Tómas Jónsson lögmaður)

Dómur

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní 2022, höfðaði þrotabú Verkleigunnar ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, með stefnu birtri 14. september 2021, á hendur Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, Reykjavík, til greiðslu á skuld.
- 2 Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð 31.107.479 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 3.914.751 krónu frá 01.10.2017 til 05.11.2017, af 16.145.153 krónum frá 05.11.2017 til 04.12.2017, af 25.670.033 krónum frá 04.12.2017 til 04.01.2018 og af 31.107.479 krónum frá 04.01.2018 til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum dags. 02.10.2017 671.043 krónur, 07.11.2017 1.809.243 krónur, 18.01.2018 6.141.963 krónur og 19.01.2018 6.141.963 krónur, auk skuldajöfnunar dags. 16.01.2018 10.585.191 króna, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.
- 3 Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara verulegrar lækkunar. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málsatvik

- 4 Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjaness þann 9. mars 2018, krafðist Lífeyris-
sjóður verslunarmanna þess að bú Verkleigunnar ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Með úrskurði dómsins, uppkveðnum 11. maí 2018, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Lilja Jónasdóttir hrl. skipuð skiptastjóri í búinu. Innköllun

- birtist í fyrsta sinn í Lögbirtingablaðinu hinn 22. maí 2018. Fyrsti skiptafundur var haldinn þann 14. ágúst 2018. Frestdagur við skiptin er 9. mars 2018.
- 5 Stefndi er bifreiðaumboð og rekur margþætta starfsemi á því sviði, þ.m.t. sölu og viðgerðir bifreiða. Verkleigan ehf. rak starfsmannaleigu áður en félagið varð gjaldþrota, sem fólst í því að fyrirtækið leigði út starfsmenn sína til annarra fyrirtækja gegn gjaldi.
 - 6 Viðskipti á milli aðila hófust haustið 2016 og fólust í því að stefndi leigði starfsmenn af Verkleigunni ehf., sem á móti leigði bifreiðar af stefnda. Voru aðilar í föstu viðskiptasambandi allt fram í mars eða apríl 2018 er starfsemi Verkleigunnar lagðist af.
 - 7 Fram til áramóta 2016/2017 gengu viðskipti aðila þannig fyrir sig að hvor greiddi kröfur hins með peningum. Eftir að viðskipti aðila fóru vaxandi komst á samkomulag þeirra á milli um að skuldajafna öllum kröfum hvors á hendur öðrum, til hagræðis og til einföldunar á efndum fyrir báða aðila.
 - 8 Frá 8. febrúar 2017 til 13. apríl 2018 voru kröfur aðila samkvæmt útgefnum reikningum látnar mætast í samræmi við samkomulag aðila. Samanlagt var um að ræða 12 greiðslur með skuldajöfnuði og nemur samanlögð fjárhæð þeirra 33.630.201 krónu.
 - 9 Á um tveggja ára tímabili greiddi Verkleigan ehf. kröfur stefnda aðeins í þremur tilvikum með peningum. Þann 9. júní 2017 voru greiddar 360.416 krónur, 3. júlí 2017 voru greiddar 2.479.952 krónur og 28. júlí 2017 voru greiddar 2.626.616 krónur. Það virðist hafa verið vegna reikninga stefnda fyrir bílaleigu fyrir maí og júní 2017. Að öllu öðru leyti fylgdu aðilar samkomulagi um skuldajöfnuð og þeirri venju sem skapast hafði í viðskiptum þeirra.
 - 10 Reikningar Verkleigunnar ehf. vegna starfsmannaleigu voru nokkru hærri en reikningar stefnda vegna bílaleigu. Af þeim sökum greiddi stefndi Verkleigunni ehf. eftirtaldar greiðslur með peningum, samtals 14.764.212 krónur, á tímabilinu október 2017 til janúar 2018, eða sem hér segir: Þann 2. október 2017 voru greiddar 671.043 krónur, þann 18. janúar 2018 voru greiddar 1.809.243 krónur, þann 19. janúar 2018 voru greiddar 6.141.963 krónur og 19. janúar 2018 voru greiddar 6.141.963 krónur.
 - 11 Að sögn stefnda lá samþykki Verkleigunnar ehf. fyrir greiðslum með skuldajöfnuði ætíð fyrir og taldi stefndi enga þörf á formlegum yfirlýsingum um skuldajöfnuð. Til áréttingar sendi stefndi þó yfirlýsingu þann 16. janúar 2018 um skuldajöfnuð vegna nánar tilgreindra reikninga aðila. Yfirlýsingin varðaði annars vegar reikninga stefnda á tímabilinu október til desember 2017, samtals að fjárhæð 10.585.191 króna, og hins

- vegar 9 tilgreinda reikninga Verkleigunnar ehf. frá tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 2017, þ.e. reikninga nr. 1480–1487 og 1489, samtals að fjárhæð 27.192.728 krónur.
- 12 Verkleigan ehf. svaraði stefnda 17. janúar 2018 og samþykkti skuldajöfnuð samkvæmt yfirlýsingunni frá 16. sama mánaðar.
 - 13 Krafa stefnanda byggist á því að 10 tilgreindir reikningar séu ógreiddir. Af þeim voru 9 reikningar tilgreindir í umræddri yfirlýsingu stefnda, dagsettri 16. janúar 2018. Stefnandi tekur jafnframt tillit til nefndra innborgana stefnda, svo og skuldajöfnuðar, sbr. áður tilvitnaða yfirlýsingu stefnda.
 - 14 Telur stefnandi samkvæmt stefnu að eftirstöðvar umræddra 10 reikninga nemi 5.758.076 krónum. Virðist málssókn hans byggjast á því að hann taki ekki til greina greiðslur stefnda með skuldajöfnuði þann 30. september 2017 að fjárhæð 3.243.708 krónur og 13. apríl 2018 að fjárhæð 2.514.368 krónur, sem nema samtals 5.758.076 krónum.
 - 15 Skiptastjóri átti fyrst samskipti við stefnda vegna meintrar kröfu er stefnda var sent innheimtubréf þann 25. ágúst 2021, eða nærri 40 mánuðum eftir að bú Verkleigunnar ehf. var tekið til skipta. Þá voru liðnir um 44 mánuðir frá því að viðskiptasambandi aðila lauk.
 - 16 Innheimtubréfi stefnanda var mótmælt með tölvupósti þann 1. september 2021. Í kjölfarið fékk stefnandi sendar allar upplýsingar um viðskipti aðila, þ.m.t. reikningsyfirlit og afrit af öllum reikningum stefnda. Samhliða var skiptastjóri hvattur til þess að afla upplýsinga hjá fyrirsvarsmönnum stefnanda um að þeir hefðu samþykkt skuldajöfnuðinn.
 - 17 Eftir að málssókn þessi hófst setti stefndi sig í samband við fyrrum fyrirsvarsmenn stefnanda og fékk skriflegar staðfestingar á þeirri venju í viðskiptum aðila að reikningar hvors um sig hefðu verið greiddir með skuldajöfnuði.

Helstu málsástæður stefnanda

- 18 Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á hendur stefnda á athugun skiptastjóra á bókhaldi félagsins. Sú athugun hafi leitt í ljós að stefndi skuldi þrotabúinu 31.107.479 krónur, að frádregnum innborgunum að fjárhæð 14.764.212 krónur og skuldajöfnun að fjárhæð 10.585.191 krónur eða samtals 5.758.076 krónur.
- 19 Samkvæmt stefnanda voru greiddir reikningar og innborganir sem hér segir:
Ógreiddir reikningar:

<i>Nr.</i>	<i>Útgáfudagur</i>	<i>Gjalddagi</i>	<i>Fjárhæð</i>
1213	16.09.2017	01.10.2017	3.914.751
1489	01.11.2017	05.11.2017	5.129.746
1480	01.11.2017	05.11.2017	6.616.650
1481	01.11.2017	05.11.2017	484.006
1482	30.11.2017	04.12.2017	3.122.206
1483	30.11.2017	04.12.2017	5.632.144
1484	30.11.2017	04.12.2017	770.530
1485	31.12.2017	04.01.2018	1.985.418
1486	31.12.2017	04.01.2018	3.128.958
1487	31.12.2017	04.01.2018	323.070

Innborganir:

<i>Greiðsludagur</i>	<i>Fjárhæð</i>
02.10.2017	671.043
07.11.2017	1.809.243
18.01.2018	6.141.963
19.01.2018	6.141.963

Skuldajöfnuður:

<i>Dagsetning</i>	<i>Fjárhæð</i>
16.01.2018	10.585.191

- 20 Að sögn stefnanda hefur þegar verið tekið tillit til innborgana við gerð dómkrafna. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi hins vegar ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtu-tilraunir og því sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.
- 21 Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga, en reglan fái meðal annars lagastoð í 45., 47., 52. og 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga. Þá vísar stefnandi sömuleiðis til ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 65. og 100. gr. þeirra laga.

Helstu málsástæður stefnda

- 22 Stefndi byggir á því að þeir reikningar sem tilgreindir séu í stefnu hafi verið greiddir, ýmist með skuldajöfnuði eða peningum. Allar kröfur stefnanda á hendur honum séu uppgerðar. Engin skuld sé fyrir hendi og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

- 23 Stefndi byggir á því að gagnkvæmt samkomulag hafi verið um greiðsluhátt á milli aðila. Hafi skuldajöfnuður á milli aðila verið til hagræðis fyrir báða, ásamt því að einfalda og tryggja efndir. Því til sönnunar hafi verið lagðar fram yfirlýsingar forsvarsmanna Verkleigunnar ehf. á því tímabili sem um ræði. Til sönnunar samkomulaginu sé einnig vísað til framlagðra viðskiptayfirlita, sem sýni ótvírætt hvað hafi tíðkast í viðskiptum aðila. Sanni þau ein og sér að skuldajöfnuður stefnda gagnvart kröfum Verkleigunnar ehf. hafi verið með vitund og samþykki félagsins.
- 24 Stefndi bendir sérstaklega á að eftir janúar 2017 hafi Verkleigan ehf. aldrei greitt kröfur stefnda með peningum fyrir utan eitt skipti, þ.e. 28. júlí 2017. Allir aðrir reikningar stefnda, á fimmta hundrað talsins, hafi verið greiddir með skuldajöfnuði.
- 25 Einnig er bent á að eftir janúar 2017 hafi stefndi að sama skapi ekki greitt kröfur stefnanda með peningum, nema á tímabilinu 2. október 2017 til 19. janúar 2018, samtals 14.764.212 krónur, sem hafi verið nauðsynlegt til þess að greiða stefnanda þann hluta af kröfum hans sem ekki var hægt að greiða með skuldajöfnuði.
- 26 Telur stefndi engan vafa leika á því að samkomulag hafi verið á milli aðila um gagnkvæman og einhliða rétt til skuldajöfnuðar, sem fylgt hafi verið eftir í framkvæmd af hálfu beggja aðila. Auk þess hafi myndast skýr samningsvenja í viðskiptum aðila um skuldajöfnuð allra krafna, að því leyti sem fjárhæðir gátu mæst.
- 27 Stefndi byggir á því að öll skilyrði einhliða skuldajöfnuðar hafi verið fyrir hendi. Kröfur aðila hafi verið hæfar til að mætast varðandi greiðslutíma, þær hafi verið sambærilegar og gagnkvæmar. Kröfur stefnda hafi verið gildar, skýrar, ótvíræðar og viðurkenndar af Verkleigunni ehf. Einu megi gilda hvort greiðslur aðila með skuldajöfnuði hafi verið sérstaklega samþykktar, þar sem aðilar hafi átt einhliða rétt til skuldajöfnuðar.
- 28 Stefndi mótmælir sérstaklega tilvísun stefnanda í stefnu til 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sem örökstuddri og þýðingarlausri. Þá eigi ákvæðið eingöngu við um skuldir gagnvart þrotabúi og gagnkröfur, en þegar bú Verkleigunnar ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 11. maí 2018 hafi stefndi ekki skuldað búinu neitt. Kröfur stefnanda byggist að sögn á meginreglum kröfu- og samningaréttar en ekki riftunarreglum XX. kafla laga nr. 21/1991, enda frestur til slíkrar málshöfðunar löngu liðinn.

- 29 Til rökstuðnings kröfu sinni um lækkun vísar stefndi til þess tómlætis sem stefnandi hafi sýnt varðandi innheimtu á kröfum sínum, sem stefndi hafi talið að fullu greiddar. Í öllu falli hafi það fyrirgert rétti stefnanda til dráttarvaxta úr hendi stefnda.

Niðurstaða

- 30 Mál þetta hefur stefnandi höfðað til innheimtu á 10 tilteknum reikningum, að frádregnum innborgunum og samþykktum skuldajöfnuði. Í málinu liggur sem fyrr segir frammi yfirlýsing stefnda um skuldajöfnuð, sem send var Verkleigunni ehf. þann 16. janúar 2018 og samþykkt af félaginu degi síðar. Varðar yfirlýsingin 9 af þeim 10 reikningum sem krafist er greiðslu á í málinu.

Um reikning nr. 1213, sem ekki var getið í yfirlýsingu stefnda frá 16. janúar 2018

- 31 Af framlögðum bókhaldsgögnum stefnda má ráða að tíundi reikningurinn, sem vísað er til í stefnu málsins, en ekki í yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð frá 16. janúar 2018, þ.e. reikningur Verkleigunnar ehf. nr. 1213, að fjárhæð 3.914.751 króna, var greiddur í tvennu lagi. Annars vegar greiddi stefndi reikninginn með skuldajöfnuði þann 30. september 2017, þar sem útgefnir reikningar stefnda á hendur Verkleigunni ehf. vegna september 2017, samtals að fjárhæð 3.243.708 krónur, voru nýttir til skuldajöfnuðar á móti umræddum reikningi Verkleigunnar ehf., að fjárhæð 3.914.751 krónur. Mismunurinn, 671.043 krónur, virðist svo hafa verið greiddur með peningum þann 2. október 2017.
- 32 Að mati dómsins verður að telja að samkomulag hafi verið á milli Verkleigunnar ehf. og stefnda um að reikningur Verkleigunnar ehf. nr. 1213 skyldi greiddur með þeim hætti sem að framan er lýst ($3.914.751 - 3.243.708 - 671.043 = 0$) og aðilar hafi litið svo á, í janúar 2018, er stefndi sendi Verkleigunni ehf. sérstaka yfirlýsingu um skuldajöfnuð, að reikningur Verkleigunnar ehf. nr. 1213 væri á þeim tíma að fullu uppgerður. Fær það stoð í þeirri staðreynd að reikningsins var hvergi getið í þeirri yfirlýsingu.
- 33 Að því virtu kemur nefndur reikningur Verkleigunnar ehf. nr. 1213 ekki til frekari skoðunar í málinu, þar sem hann er að mati dómsins að fullu greiddur. Hið sama á við um innborgun stefnda til Verkleigunnar ehf. þann 2. október 2017, að fjárhæð 671.043 krónur, sem nýtt var samkvæmt framansögðu til greiðslu á eftirstöðvum reiknings nr. 1213 og getur þar af leiðandi ekki talist vera innborgun inn á þá 9 reikninga sem eftir stóðu í janúar 2018 og yfirlýsing stefnda um skuldajöfnuð tók til.

Um aðra reikninga stefnanda

- 34 Samtals nemur fjárhæð þeirra 9 reikninga sem framangreind yfirlýsing um skuldajöfnuð tók til 27.192.728 krónum. Frá þeirri fjárhæð drógust 1.809.243 krónur, sem greiddar voru til Verkleigunnar ehf. þann 7. nóvember 2017. Nam krafa Verkleigunnar ehf. á hendur stefnda, að teknu tilliti til þess, 25.383.485 krónum ($27.192.728 - 1.809.243 = 25.383.485$).
- 35 Samkvæmt framangreindri yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð námu kröfur hans á hendur Verkleigunni ehf. 10.585.191 krónu, eða 4.357.247 kr. frá október 2017, 4.970.760 frá nóvember 2017 og 1.257.184 frá desember 2017. Lýsti stefndi yfir skuldajöfnuði þeirra krafna upp í ofangreindar kröfur Verkleigunnar ehf. Jafnframt sagði í yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð: „Skuldajöfnuður þessi varðar eingöngu ofangreindar kröfur en ekki önnur viðskipti, samninga og/eða kröfur sem Brimborg ehf. á eða kann að eignast á hendur Verkleigunni.“
- 36 Mismunur krafna Verkleigunnar ehf. á hendur stefnda samkvæmt þeim 9 reikningum, sem tilteknir voru í framangreindri yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð, að frádreginni innborguninni 7. nóvember 2017, og kröfum stefnda á hendur Verkleigunni ehf., vegna viðskipta í október, nóvember og desember 2017, nam 14.798.294 krónum ($27.192.728 - 1.809.243 = 25.383.485 - 10.585.191 = 14.798.294$ krónur), sem var þá skuld stefnda við Verkleiguna ehf. eftir að framangreindur skuldajöfnuður hafði átt sér stað þann 16. janúar 2018 og samkomulag var um.
- 37 Af gögnum málsins má ráða að stefndi greiddi í tvennu lagi inn á framangreinda skuld sína við Verkleiguna ehf., þ.e. eftirstöðvar skuldar hans við félagið, eftir að búið var að taka tillit til innborgunar 7. nóvember 2017 og skuldajöfnuðar samkvæmt yfirlýsingunni frá 16. janúar 2018. Annars vegar greiddi stefndi stefnanda 6.141.963 krónur þann 18. janúar 2018 og hins vegar 6.141.963 krónur þann 19. sama mánaðar.
- 38 Eftirstöðvar skuldar stefnda við Verkleiguna ehf., að teknu tilliti til alls framangreinds, þ.m.t. innborgunar 7. nóvember 2017, skuldajöfnuðar samkvæmt yfirlýsingu stefnda dagsettri 16. janúar 2018 og innborgana stefnda 18. og 19. janúar 2018, námu 2.514.368 krónum ($27.192.728 - 1.809.243 = 25.383.485 - 10.585.191 = 14.798.294 - 6.141.963 - 6.141.963 = 2.514.368$ krónur).
- 39 Af bókhaldsgögnum stefnda, sem frammi liggja í málinu, má ráða að stefndi hafi einhliða 13. apríl 2018 nýtt eftirstöðvar sölureikninga sinna á hendur Verkleigunni ehf., sem útgefnir voru í janúar, febrúar, mars og apríl 2018, til skuldajöfnuðar á móti

eftirstöðvum framangreindra 9 reikninga Verkleigunnar ehf., þ.e. þeirra reikninga sem yfirlýsing stefnda frá 16. janúar 2018 tók til, eða 2.514.368 kr.

- 40 Bókhaldsgögn stefnda gefa einnig til kynna að hann hafi gefið út einn reikning á Verkleiguna ehf. eftir þetta, þ.e. þann 13. apríl 2018, að fjárhæð 109.060 krónur, sem ekki hafi fengist greiddur. Alls hafi mismunur, þ.e. skuld Verkleigunnar ehf. við stefnda, að fjárhæð 188.649 krónur, að teknu tilliti til framangreinds, verið afskrifaður þann 14. júlí 2018.

Um heimild stefnda til skuldajöfnuðar á móti eftirstöðvum skuldarinnar

- 41 Samkvæmt öllu framangreindu verður að leggja til grundvallar að samkomulag hafi verið á milli aðila um að reikningur Verkleigunnar ehf. nr. 1213 væri að fullu greiddur og að hinir reikningarnir 9 væru greiddir með þeim hætti sem lýst var í yfirlýsingu stefnda frá 16. janúar 2018 og með greiðslu í tvennu lagi 18. og 19. janúar 2018.
- 42 Eftir stóðu 2.514.368 krónur, sem ágreiningur er raunverulega um, en stefndi greiddi einhliða með skuldajöfnun þann 13. apríl 2018, án sérstakrar tilkynningar til Verkleigunnar ehf., og nýtti til þess útgefna reikninga sína á hendur félaginu á tímabilinu janúar til apríl 2018. Hafði starfsemi Verkleigunnar ehf. þá þegar verið hætt eftir því sem fram er komið í málinu.
- 43 Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. getur hver sá, sem skuldar þrotabúi, dregið það frá sem hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, hafi hann eignast kröfuna áður en þrjú mánuðir voru til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn átti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna, enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag.
- 44 Eins og áður segir nýtti stefndi útgefna sölureikninga sína frá tímabilinu janúar til apríl 2018 til að skuldajafna á móti eftirstöðvum skuldar sinnar við Verkleiguna ehf., sbr. yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnun þann 16. janúar 2018, og að frádregnum greiðslum stefnda 18. og 19. sama mánaðar.
- 45 Frestdagur við skipti á þrotabúi Verkleigunnar ehf. var sem fyrr segir 9. mars 2018. Liggur þannig fyrir að stefndi nýtti þann 13. apríl 2018 kröfur, sem hann hafði eignast á hendur Verkleigunni ehf., annaðhvort innan þriggja mánaða fyrir frestdag eða eftir frestdag, til að skuldajafna á móti kröfu Verkleigunnar ehf. á hendur honum, sem til var orðin fyrir frestdag.

- 46 Þótt ekki verði fullyrt um að stefnda hafi á þeim tíma er skuldajöfnuðurinn fór fram verið kunnugt um fram komna beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Verkleigunnar ehf., þá verður eigi að síður að ætla að honum hafi mátt vera það ljóst í apríl 2018, í ljósi viðskiptasögu aðila, að dregið hafði verulega úr starfsemi Verkleigunnar ehf. og að ekki yrði um frekari viðskipti að ræða á milli aðila. Voru forsendur samkvæmt því breyttar frá því sem verið hafði í viðskiptum aðila fram að þeim tíma.
- 47 Er að því virtu ekki hægt að fallast á það með stefnda að hann hafi haft einhliða rétt til þess að skuldajafna reikningum sínum á hendur Verkleigunni ehf., vegna viðskipta í janúar til apríl 2018, gegn eftirstöðvum skuldar hans við Verkleiguna ehf. vegna viðskipta á árinu 2017, en skuldajöfnuðurinn fór samkvæmt framansögðu fram án tilkynningar til gagnaðila stefnda.
- 48 Yfirlýsing stefnda frá 16. janúar sama ár náði sömuleiðis ekki yfir þennan skuldajöfnuð stefnda, sbr. skýrt orðalag yfirlýsingarinnar sjálfrar, þar sem sérstaklega var tekið fram að sá skuldajöfnuður, sem þar var lýst yfir, þ.e. 16. janúar 2018, varðaði eingöngu þær kröfur sem þar var um að ræða, „en ekki önnur viðskipti, samninga og/eða kröfur sem Brimborg ehf. á eða kann að eignast á hendur Verkleigunni“.
- 49 Að öllu framangreindu virtu, þar sem um fast viðskiptasamband var að ræða á milli Verkleigunnar ehf. og stefnda og báðir áttu kröfur á hinn vegna tímabilsins október til desember 2017, þar sem leggja verður til grundvallar að sátt hafi verið um uppgjör krafna aðila samkvæmt yfirlýsingu stefnda dagsettri 16. janúar 2018, svo og að telja verður að forsendur hafi breyst við lok starfsemi Verkleigunnar ehf. í mars eða apríl 2018, verður talið að stefndi hafi frá 19. janúar 2018 enn staðið í skuld við stefnanda um sem nemi 2.514.368 krónum og geri enn.
- 50 Með hliðsjón af atvikum málsins er ekki hægt að fallast á það með stefnda að kröfur stefnanda séu fallnar niður fyrir tómlæti. Þar sem stefnda verður hins vegar ekki kennt um þann drátt sem varð á höfðun málsins þykir rétt að krafan beri dráttarvexti frá þeim tíma er mánuður var liðinn frá því að honum barst innheimtubréf frá skiptastjóra þrotabúsins, þ.e. frá 25. september 2021 til greiðsludags, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 51 Að virtum úrslitum málsins og atvikum öllum, svo og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 450.000 krónur í málskostnað.

- 52 Af hálfu stefnanda flutti málið Kara Borg Fannarsdóttir lögmaður fyrir hönd Lilju Jónasdóttur lögmanns.
- 53 Af hálfu stefnda flutti málið Tómas Jónsson lögmaður.
- 54 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Brimborg ehf., greiði stefnanda, þrotabúi Verkleigunnar ehf., 2.514.368 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. september 2021 til greiðsludags. Vaxtavextir samkvæmt 12. gr. sömu laga leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefndi greiði stefnanda 450.000 krónur í málskostnað.